

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Íslensku fluguveiðisýninguna.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Heiti sjálfseignarstofnunarinnar er Íslenska fluguveiðisýningin, með erlent hjáheiti The Icelandic Fly Fishing Show, og starfar hún samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjálfseignarstofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið sjálfseignarstofnunarinnar er að standa vörð um íslenska náttúru og dýralíf með áherslu á vernd og uppbyggingu villtra ferskvatnsstofna, þá einkum lax, urriða og bleikju.

### 4. gr.

#### *Ráðstöfun fjármuna.*

Sjálfseignarstofnunin mun safna fjármunum með frjálsum framlögum og með því að halda fluguveiðisýningu ár hvert. Öllum fjármunum sem safnast ár hvert, að frádregnum kostnaði við að halda hina árlegu fluguveiðisýningu, verður varið í þágu markmiðs sjálfseignarstofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin mun þannig leggja 50-80% af fjármunum sem safnast ár hvert til annarra samtaka og sjóða sem hafa sömu eða sambærileg markmið og stofnunin. 20-50% af fjármunum sem safnast ár hvert mun stofnunin verja sjálf í verkefni sem samræmast markmiðum hennar, t.d. í gerð kynningarefnis og heimildamynda.

### 5. gr.

#### *Stofnendur og stofnfé.*

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er kr. 1.160.000 og er það runnið frá þátttökugjöldum frá Íslensku fluguveiðisýningunni árið 2018.

Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar eru:

Gunnar Örn Petersen, kt. 130380-4849

Kristján Páll Rafnsson, kt. 161278-3949

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og þremur varamönnum til fjögurra ára í senn.

Stofnendur skulu tilnefna fyrstu stjórnarmenn og varamenn.

Í tíð fyrstu stjórnar skulu stjórnarmenn tilnefna þrjá aðila sem skipunaraðila stjórnarmanna. Fá þeir aðilar rétt til framtíðar, sem ekki verður af þeim tekinn, til að skipa nýja stjórnarmenn og varamenn, einn stjórnarmann og einn varamann hver, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar. Skipunaraðilar skulu falla í einhvern eftirtalinna flokka:

Samtök aðila sem hafa hagsmuna að gæta sem tengjast markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar, t.d. Landsamband veiðifélaga og Landsamband stangveiðifélaga.

Aðilar sem hafa hagsmuna að gæta sem tengjast markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar, t.d. veiðiréttareigendur, söluaðilar veiðileyfa eða veiðivara.

Aðrar sjálfseignarstofnanir, samtök eða sjóðir sem hafa sömu eða sambærileg markmið og sjálfseignarstofnunin.

Stjórn er heimilt að ákvarða að stjórn skuli, til framtíðar, skipuð fimm mönnum og fimm varamönnum og skulu þá tilnefndir tveir aðilar, aðrir en núverandi skipunaraðilar, til að skipa þá stjórnarmenn. Nýjir skipunaraðilar skulu halda rétti sínum til skipunar til framtíðar.

Stjórn tekur ákvörðun um ráðstöfun fjármuna sjálfseignarstofnunarinnar í samræmi við 2. mgr. 4. gr.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

*Framkvæmdastjóri.*

Stjórn skal skipa framkvæmdastjóra yfir sjálfseignarstofnuninni. Heimilt er að greiða framkvæmdastjóra laun fyrir vinnuframlag sitt.

Stjórn skal bera ábyrgð á fjárvörslu sjálfseignarstofnunarinnar en framkvæmdastjóri mun sjá um daglega starfsemi.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjálfseignarstofnunarinnar óski þeir þess.

9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár.

10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar til næstu áramóta.

11. gr.

*Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 12. desember 2018,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*